

# FURUBORGIR FRÍSTUNDABYGGÐ

Deiliskipulag

19.06.2024

TILLAGA



GRÍMSNES- OG  
GRAFNINGSHREPPUR



**UPPLÝSINGAR**

---

SKJALALYKILL

---

108817-GRG-001-V04

HÖFUNDUR:

---

BRE

RÝNT:

---

ÁJ

## Samþykktir

Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann

---

F.h. Grímsnes- og Grafningshrepps

Tillagan var kynnt frá \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til

\_\_\_\_\_

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til

\_\_\_\_\_

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_

## EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR _____	5
1.1	Markmið _____	5
1.2	Skipulagsgögn _____	5
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR _____	6
2.1	Staðhættir _____	6
2.2	Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 ____	6
2.3	Gildandi deiliskipulag _____	7
2.4	Fornminjar _____	7
3	DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR _____	8
3.1	Lóðir _____	8
3.2	Byggingarheimildir _____	8
3.3	Mænishæð _____	8
3.4	Aðkoma _____	9
3.5	Sameiginlegt svæði og göngustígar _____	9
3.6	Veitur og sorp _____	9
3.7	Regnvatn _____	9
3.8	Brunavarnir _____	10
4	ALMENNIR SKILMÁLAR _____	10
4.1	Almennt _____	10
4.2	Byggingareitir _____	10
4.3	Hönnun og uppdrættir _____	10
4.4	Mæli- og hæðarblöð _____	10
4.5	Frágangur lóða _____	11
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA _____	12
6	SKILMÁLATAFLA _____	13
7	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ _____	15
7.1	Auglýsing tillögu _____	15
7.2	Skipulagsferlið _____	15

## 1 INNGANGUR

Deiliskipulag þetta tekur til rúmlega 26,2 ha svæði Furuborga í landi Minniborgar, rétt austan við þéttbýlið Borg í Grímsnesi. Svæðið er skilgreint sem frístundabyggð F59 í Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Aðkoma að svæðinu er af Biskupstungnabraut (35) og um Bjarkarveg. Skipulagðar eru 37 lóðir á bilinu 3.735 – 11.255 m<sup>2</sup>. Heimiluð verður uppbygging frístundahúsa og gestahúsa/skemmu í samræmi við heimilað byggingarmagn skv. nýtingarhlutfalli. Níu lóðir innan svæðisins eru byggðar.

Deiliskipulag þetta er unnið á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010.

### 1.1 Markmið

Helstu markmið með deiliskipulaginu eru eftirfarandi:

- Afmarka lóðir fyrir mannvirki og skilgreina byggingarskilmála.
- Afmarka sameiginlegan afnotareit og góða göngustíga um svæðið.

### 1.2 Skipulagsgögn

Skipulagsuppdrættir eru unnir á grunni loftmyndar frá Loftmyndum ehf, kortagrunnum IS50v frá LMÍ og landamerkjaskrá frá HMS. Deiliskipulagsgögn eru unnin í hnitakerfinu ISN93. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2000.
- Greinargerð þessi með skipulags- og byggingarskilmálum og umhverfismatsskýrslu.
- Hluti úr Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.



Mynd 1 Yfirlitsmynd af skipulagssvæðinu

## 2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Furuborgir er frístundasvæði staðsett skammt frá þéttbýliskjarna að Borg í Grímsnesi. Deiliskipulag fyrir svæðið var gert árið 1992 og hefur uppbygging átt sér stað á níu lóðum innan svæðisins. Unnið er að uppfærðu deiliskipulagi þar sem lóðir eru afmarkaðar og hnitsettar og byggingarskilmálar uppfærðir í takt við skilmála í aðalskipulagi. Þá bætast við lóðir, þar sem stærri lóðum er skipt upp.

### 2.1 Staðhættir

Landið er austan við þéttbýlið Borg og er aðkoma að því af Biskupstungna-braut (35) og um Bjarkarveg. Landið er að mestu flatlent mólendi og mýri en að hluta til í aflíðandi hraunhól. Svæðið liggur að Borgarhólakrauni sem er <6200 ára, skv. kortlagningu Náttúrufræðistofnunar á jarðmyndunum sem njóta sérstakrar verndar. Svæðið er skilgreint sem frístundasvæði.

Svæðið er einnig skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, eins og allt Suðurlandsundirlendið. Svæðið sem hér um ræðir er þó ekki á Náttúruminjaskrá vegna votlendis eða fuglalífs.

### 2.2 Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032

Deiliskipulagið er unnið á grundvelli Aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Skipulagssvæðið nær yfir frístundabyggð F59:


NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ (HA)
F59	Furuborgir og Bjarkarborgir, Minni-Borg	Deiliskipulagt fyrir 33 lóðir, þar af 10 byggðar. 35 lóðir byggðar án deiliskipulags.	72,4

Í stefnu aðalskipulagsins fyrir frístundabyggð er leitast eftir að:

- Að sveitarfélagið verði áfram áhugaverður kostur fyrir frístundabyggð með góðri þjónustu og aðgengi að helstu veitukerfum.
- Að frístundabyggð verði sem mest á samfelldum svæðum innan hveirrar jarðar, þannig að vegir og veitur nýtist sem best.
- Að frístundabyggð verði utan svæði sem mikilvægt er að vernda vegna náttúruvafars, auðlinda, náttúrvár, sögu eða útivistagildis.
- Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir aðkomu að öllum húsum og flóttaleiðum. Huga þarf að aðkomu sjúkra- og slökkvibíla og tryggja gott aðgengi að slökkvivatni.
- Gert skal áhættumat og rýmingaráætlun við gerð deiliskipulags.

Almennir skilmálar um uppbyggingu í frístundabyggð eru eftirfarandi:

- Búfjárhald er ekki heimilað innan frístundabyggðar.
- Húsagerðir og lóðaskiptan skulu falla vel að landslagi.
- Á frístundasvæðum skulu lóðir að jafnaði vera á stærðarbilinu 1/2 – 1 ha og nýtingarhlutfall allt að 0,03. Heimilt byggingarmagn er þó allt að 100 m<sup>2</sup> á lóðum sem voru stofnaðar fyrir 2021, þrátt fyrir að þær séu minni en 1/3 ha, nema meira byggingarmagn sé heimilt skv. gildandi deiliskipulagi. Almennt er gert ráð fyrir að lóðir taki til allt að 2/3 hluta frístundasvæða.
- Heimilt er að vera með aukahús/gestahús og geymslu á hverri lóð og teljast þessar byggingar með í heildarbyggingarmagni lóðar.
- Hafa skal sameiginlega fráveitu þar sem þéttleiki byggðar og náttúruvafarslegar aðstæður leyfa.
- Heimilt er að vera með gistingu í flokki I og II skv. reglugerð nr. 1277/2016 (sbr. f – lið 4. gr.), enda hafi starfsemin tilskilin leyfi, bílastæði verði innan lóðar og að enginn lóðarhafi innan deiliskipulagssvæðisins leggist gegn starfseminni. Gera skal grein fyrir gististarfsemi í deiliskipulagi.



**Mynd 2** Skjáskot af Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.

### 2.3 Gildandi deiliskipulag

Í gildi er er deiliskipulag Furuborga í landi Minniborgar sem samþykkt var 29.07.1992 sem dettur úr gildi við gildistöku nýs deiliskipulags. Í nýju deiliskipulagi er svæðið teiknað upp á stafrænan hátt og lóðir afmarkaðar og hnitsettar og skilmálar uppfærðir.

### 2.4 Fornminjar

Fyrir liggur fornleifaskráning: Fornminjaskráning í Grímsneshreppi III, unnin af Fornleifastofnun Íslands, útgefin í Reykjavík 2002 og nánari mælingar á staðsetningu fornminja framkvæmdar sumarið 2017. Samkvæmt fornleifaskráningunni eru ekki skráðar fornleifar á deiliskipulagssvæðinu. Samkvæmt minjavefsjá Minjastofnunar Íslands eru engar skráðar minjar á deiliskipulagssvæðinu.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns ákvörðun Minjastofnunar liggur fyrir um hvort halda megi áfram og þá með hvaða skilmálum.



### 3 DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR

Lóðamörk eru sýnd á deiliskipulagsupprætti ásamt stærð lóðar. Upplýsingar á deiliskipulagsupprætti eru til viðmiðunar, nánari upplýsingar um lóðamörk, málsetningu lóðar og lóðastærð eru á mæliblaði. Ef misræmi er gildir mæliblað.

Afmörkun deiliskipulags á upprætti er í samræmi við kortagrunn sveitarfélagsins. Að þessu virtu kann að vera að lóðarblöð sem gerð verða vegna einstakra nýrra lóða verði ekki nákvæmlega eins og afmörkunin á upprætti með deiliskipulaginu. Rétt er að taka fram að deiliskipulag getur ekki hróflað við eða ráðstafað eignarréttindum manna nema að undangengnum samningi eða eftir atvikum eignarnámi, séu talin skilyrði til þess.

#### 3.1 Lóðir

Það land sem deiliskipulagið nær til er um 26,2 ha og er í dag skilgreint sem frístundabyggð.

Eigendur lóða verða sjálfkrafa félagar í Furuborgum, félagi um frístundabyggð, og lúta samþykktum þess og löglegum ákvörðunum félagsfundar.

#### 3.2 Byggingarheimildir

Á hverri lóð er heimilt að byggja upp aðalhús, aukahús/gestahús og/eða geymslu. Nýtingarhlutfall lóðanna má ekki vera hærra en 0.03, þó má alltaf byggja upp 100 m<sup>2</sup> innan lóðar. Heildarbyggingarmagn (sjá skilmálatöflu í kafla 6) miðast við lóðastærð deiliskipulags, en endanleg stærð kann að breytast lítillega við gerð lóðablaða.

Byggingarreitur á þegar byggðum lóðum miðast við núverandi byggingar. Á óbyggðum lóðum er skilgreindur byggingarreitur sem að jafnaði er ekki nær lóðamörkum en 10 m. Allar byggingar skulu vera innan skilgreinds byggingarreits, þ.m.t. sólpallar.

Heimilt er að hafa aukahús/gestahús og geymslu á hverri lóð og teljast þessar byggingar með í heildarbyggingarmagni lóðar.

Að uppfylltri byggingarheimild um tvö hús er heimilt að reisa smáhýsi (geymsluhús undir 15 m<sup>2</sup>), sbr. gr. 2.3.5, lið f í gildandi byggingarreglugerð.

Staðsetning húsa skal taka mið af yfirbragði byggðar, byggingarhefðum, landslagi og staðhættum. Öll mannvirki skulu falla sem best að náttúrulegu umhverfi á hverjum stað og skal gæta samræmis við nálægar byggingar.

#### 3.3 Mænishæð

Mænishæð frístundahúsa á lóðunum frá gólfplötu aðalhæðar skal ekki vera meiri en 6 m á húsi með mæni, 5,5 m á húsi með einhalla þaki og 4 m á húsi með flötu þaki. Þakhalli húsanna má vera á bilinu 0-60 gráður.

Heimild er fyrir kjallara og/eða svefnlofti þar sem aðstæður leyfa.

Hæðarsetning húsa skal vera í eðlilegu samræmi við landhæð og gólfhæð að jafnaði vera allt að 60 cm yfir aðliggjandi landi. Heimilt er að aðlaga hús að landi með stallaðri gólfplötu. Upphituð íveruhús (aðalhús og gestahús) skulu vera einangruð skv. 13. hluta byggingarreglugerðar um orkusparnað og hitaeinangrun.



### 3.4 Aðkoma

Aðkoma að lóðunum er frá Biskupstungnabraut nr. 35 og Bjarkarvegi. Í vegakerfi svæðisins skal gera ráð fyrir aðkomu slökkviliðs og annarra viðbragðsaðila að lóðarmörkum hveirrar lóðar og burðarþol vega skal miðast við að þeir geti borið 10 tónna öxulþunga, nema á vorin. Vegur skal vera a.m.k. 4 m á breidd, þar sem bil á milli lóðamarka er minni en því nemur er heimilt að fara með veg inn fyrir lóðamörk.

Aðkomuvegur og vegir innan byggðar eru sýndir til skýringar á uppdrætti og geta hníkast til við endanlega útfærslu. Bílastæði skulu vera innan lóðar.

### 3.5 Sameiginlegt svæði og göngustígar

Sameiginlegt leik- og útivistarsvæði er skráð sem sérstök lóð og er sameign lóðarhafa í Furuborgarfélaginu. Aðgengi er um göngustíga og um Tungubraut.

Innan svæðis er gert ráð fyrir göngustígum sem tengja lóðir við sameiginlegt svæði. Göngustígar skulu vera breiðir og akfærir minni bílum sé þörf á akstri af öryggisjónarmiðum s.s. sjúkrabíla og/eða sem flóttaleiðir vegna skógarelda. Gert er ráð fyrir gönguleiðum á vegum innan skipulagssvæðis en að öðru leyti eru göngustígar sýndir til skýringar á uppdrætti.

Kvöð er á Hólabraut 1 um göngustíg með norðurmörkum lóðarinnar að þéttbýlinu við Borg. Einnig er kvöð um gönguleið frá Lækjarbraut, meðfram læknum um lóðir við Lækjarbraut 1, 3 og 5 að göngubrú.

Á sameiginlegu svæði er heimilt að setja upp leiktæki, skjól/grillaðstöðu o.fl. sem hentar til sameiginlegra viðveru.

### 3.6 Veitur og sorp

Byggingar verða tengdar vatnsveitu og hitaveitu sveitarfélagsins. Lögnum, þ.m.t. lögnum fyrir neysluvatn, skal komið fyrir í og við vegi eða stíga svo að sem minnst jarðrask hljótist af. Lagnir frá stofnlögnum við lóðarmörk að húsum eru á forræði húseiganda.

Stofnlagnir neysluvatns á svæðinu eru á forræði Furuborgarfélagsins. Neysluvatnslögnum að húsum skal komið fyrir á minnst 0,9 m dýpi þannig að ekki sé hætt á frostsKemmdum og þær skulu ekki vera sverari en 25 mm.

Lóðir tengjast rafveitu RARIK. Raflýsingu utan dyra á svæðinu skal halda í lágmarki og beina skal henni niður þar sem hún er.

Frárennsli verði leitt í hreinsivirki, gert er ráð fyrir rotþró innan hveirrar lóðar en ekki nær lóðamörkum en 10 m. Frágangur og gerð hreinsivirkis og frárennislagna skal vera í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Tryggja skal gott aðgengi til tæmingar. Um fráveitu gildir reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, með síðari breytingum.

Losun sorps er í samræmi við samþykktir sveitarfélagsins hverju sinni. Bent er á gámasvæði við Seyðishóla. Heimilt er að hafa sorpgeymslur sem skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð.

### 3.7 Regnvatn

Vatni af húspökum og hörðu yfirborði skal beint niður í jarðveginn eða í neðanjarðartanka. Koma má fyrir malarpúða undir yfirborði sem getur tekið við yfirborðsvatni í rigningum og leysingum þannig að yfirborðsvatn seytili smám saman út í jarðveginn og niður í grunnvatnið. Notast má við hefðbundnar þakvatnslagnir við að beina vatninu að malarpúðanum.

### 3.8 Brunavarnir

Brunavarnir eru frá Brunavörnum Árnassýslu og skal slökkvivatn tekið úr sameiginlegri kaldvatnsveitu sveitarfélagsins. Heimilt er að setja upp brunahana ef ástæða er talin til.

Gera skal ráð fyrir lögnum fyrir slökkvivatn og skal brunahönnun vera í samræmi við 27. gr. í reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

Göngustígar skulu hafðir a.m.k. 3 m breiðir og akfærir minni bílum, sem mögulegar flóttaleiðir komi til neyðarrýmingar.

## 4 ALMENNIR SKILMÁLAR

### 4.1 Almennt

Skilmálar þessir taka til byggðar sem fellur undir þetta deiliskipulag. Húsagerðir eru frjálssar að öðru leyti en því sem skilmálar, mæli- og hæðarblöð og lög og reglugerðir segja til um. Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni.

### 4.2 Byggingareitir

Byggingareitir eru tilgreindir á deiliskipulagsuppdrætti og málsettir á mæliblaði. Hús skulu standa innan byggingarreits.

### 4.3 Hönnun og uppdrættir

Við hönnun húsa og lóða skal miða við að hvort tveggja falli sem best að því landi sem fyrir er á viðkomandi lóð.

Gæta skal samræmis í hönnun húsa og viðbygginga innan hvernar lóðar hvað varðar útlit og frágang, þ.á.m. þakhalla, þakfrágang, efnisval, áferð og litaval á einstökum byggingarhlutum.

Staðsetning byggingarreits er sýnd á skipulagsuppdrætti, mæliblöðum og skilmálateikningum.

### 4.4 Mæli- og hæðarblöð

Mæliblöð sýna stærðir lóða, lóðarmörk, byggingarreiti húsa, fjölda bílastæða á lóð, kvaðir ef einhverjar eru o.þ.h. Allir hlutar húss skulu standa

innan byggingarreits, eins og hann er sýndur á mæliblaði fyrir hverja lóð, nema kveðið sé á um annað í sérskilmálum. Byggingareitur sýnir lágmarksfjarlægð frá lóðarmörkum.

Mæliblöð sýna einnig viðmiðunarhæðir gangstétta og gatna við lóðarmörk, sem er þá einnig lóðarhæð á þessum mörkum.

Hæðarblöð sýna hæðir á lóðarmörkum og hæðartölur á aðalgólfi húsa. Hámarkshæð húsa er skilyrt í skilmálum þessum. Lega veitulagna er einnig sýnd á hæðarblöðum.

Á mæliblöðum er uppgefinn gólfkóti fyrir hæðarsetningu bygginga. Viðmið er gólfkóti 1. hæðar.

#### **4.5 Frágangur lóða**

Gert er ráð fyrir einni heildargirðingu um svæðið. Óheimilt er að girða af hverja lóð fyrir sig. Heimilt er að afmarka lóðir með limgerðum. Við gróðursetningu á svæðinu skal virða almennar reglur um skuggavarp. Forðast skal að planta ágengum tegundum sem hætta er á að breiðist út fyrir lóðarmörk.

Breytingar innan lóðar og á landi utan byggingarreits, s.s. gerð jarðvegsmana og gerð skurða eða framræsla lands, skulu háðar samþykki aðliggjandi lóðarhafa enda geta slíkar framkvæmdir haft áhrif á umhverfisleg gæði (útsýni, grunnvatnsstöðu o.fl.), sbr. gr. 2.3.5, lið e í gildandi byggingarreglugerð.

Óheimilt er að láta lausamuni standa til langframa (meira en 2 mánuði) innan lóðar, s.s. afskráðar bifreiðar, önnur úrelt ökutæki, vélahluti, gáma, byggingarefni eða álíka muni. Lóðarhafi skal ávallt huga að lóð sinni og halda henni sem hreinlegastri svo að engin hætta stafi af búnaði og munum innan hennar eða sé öðrum til ama.

Sveitarfélagið getur beitt aðgerðum í samræmi við byggingarreglugerð til þess að knýja fram úrbætur á frágangi lóða telji það þörf á.

Vísað er til ákvæða byggingarreglugerðar vegna frágangs lóða og gróðurs, m.a. ákvæða um hæð trjágróðurs á lóðarmörkum og vöxt þeirra.

Sýna skal fyrirkomulag lóða á aðaluppdráttum.

## 5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Svæðið er við skilgreint nútímahraun skv. skilgreiningu náttúruverndarlaga en hefur lengi verið skilgreint sem frístundasvæði og hefur uppbygging þegar hafist. Þá hefur hraunið að hluta til tapað verndargildi sínu þar sem rask hefur átt sér stað við uppbyggingu við Borg í Grímsnesi.

Deiliskipulagið er talið falla vel að stefnu og skilmálum aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps og landsskipulagsstefnu er varðar skipulag í dreifbýli.

Staðsetning mannvirkja er í góðum tengslum við núverandi vegi og veitur og hefur nú þegar að hluta til verið byggt upp til frístundabyggðar. Áhrif af uppbyggingunni eru talin hafa jákvæð áhrif á samfélagið.

## 6 SKILMÁLATAFLA

STAÐFANG	LÓÐ - M <sup>2</sup>	BYGGINGAMAGN HÁMARK M <sup>2</sup>	AHUGASEMDIR / KVÆDIR O.FL.
Hólabraut 1	6,369.7	191.1	Kvöð um gönguleið með norðurmörkum lóðar. Byggð að hluta.
Hólabraut 2	7,962.6	238.9	
Hólabraut 3	6,037.7	181.1	Þegar byggð að hluta.
Hólabraut 4	8,100.0	243.0	Þegar byggð að hluta.
Hólabraut 5	6,511.1	195.3	Þegar byggð að hluta.
Hólabraut 6	3,734.6	112.0	
Hólabraut 7	5,556.7	166.7	
Hólabraut 8	4,536.1	136.1	Þegar byggð að hluta.
Hólabraut 10	7,528.6	225.9	
Tungubraut 1	6,489.7	194.7	Þegar byggð að hluta.
Tungubraut 2	7,143.9	214.3	
Tungubraut 3	8,380.6	251.4	
Tungubraut 4	6,702.9	201.1	
Tungubraut 5	5,026.5	150.8	
Tungubraut 6	6,187.1	185.6	
Tungubraut 7	5,972.7	179.2	
Tungubraut 8	7,750.0	232.5	

STAÐFANG	LÓÐ - M <sup>2</sup>	BYGGINGAMAGN HÁMARK M <sup>2</sup>	AHUGASEMDIR / KVÆÐIR O.FL.
Tungubraut 9	6,414.2	192.4	
Tungubraut 11	6,496.9	194.9	
Tungubraut 13	6,017.0	180.5	
Tungubraut 15	5,261.4	157.8	
Tungubraut 17	5,391.5	161.7	
Tungubraut 19	6,393.7	191.8	
Tungubraut 21	5,897.5	176.9	
Lækjarbraut 1	6,445.0	193.4	Kvöð um gönguleið meðfram læk.
Lækjarbraut 2	4,145.6	124.4	Þegar byggð að hluta.
Lækjarbraut 2a	5,440.6	163.2	Þegar byggð að hluta.
Lækjarbraut 3	7,051.7	211.6	Kvöð um gönguleið meðfram læk.
Lækjarbraut 4	4,185.6	125.6	
Lækjarbraut 5	11,254.8	337.6	Kvöð um gönguleið meðfram læk. Þegar byggð að hluta.
Lækjarbraut 6	4,162.0	124.9	
Lækjarbraut 7a	5,045.7	151.4	
Lækjarbraut 7b	5,338.2	160.1	
Lækjarbraut 7c	10,160.8	304.8	
Lækjarbraut 8	4,396.6	131.9	
Lækjarbraut 10	4,420.2	132.6	

## 7 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Deiliskipulagstillagan er unnin og kynnt skv. 41. gr. skipulagslaga.

### 7.1 Auglýsing tillögu

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin
- Brunavarnir Árnessýslu

### 7.2 Skipulagsferlið

Deiliskipulagstillaga  
auglýst í sumarið 2024.



Deiliskipulag staðfest í lok  
árs 2024.